

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II . HLUTI

Kennari: Lúðvík Þráinsson

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Greining ársreikninga		
Prófdagur:	29. janúar 2011	Kl.:	.09:00-13:00.....
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblið:	9 (þ.m.t. forsiða)
Leyfileg hjálpargögn:	<u>Engin</u> hjálpargögn leyfileg <u>Netnotkun er óheimil.</u>	Fylgiblið:	Kennitölublað Tölulegar upplýsingar einnig rafrænt með prófinu.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs, í Reykjavík.

**Prófið fer fram í tölvustofu og er úrlausnum skilað á rafrænu formi.
Sjá nánar meðfylgjandi leiðbeiningar um skil á prófi.**

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

**GÆTIÐ ÞESS AÐ ÖLL BLÖÐ OG SKJÖL MEÐ ÚRLAUSNUM SÉU TRYGGILEGA
AÐKENND MEÐ PRÓFNÚMERI.**

**PASSAÐU AÐ MERKJA SVÖR VIÐ HVERRI SPURNINGU GAUMGÆFILEGA OG SÝNA
ALLA ÚTREIKNINGA. LITAÐU EXCEL REITI SEM INNIHALDA SVÖR GULA.**

VANDAÐU FRÁGANG OG GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (67 mín. 28%) - Krossasurningar

Merkið við eitt rétt svar með því að draga hring utan um viðkomandi bókstaf. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Kol ehf. var stofnað þann 1. janúar 2009 með 800.000 kr. hlutafé. Árið 2009 var tap af rekstri félagsins kr. 300.000 og þann 1. október 2009 var hlutafé aukið um kr. 1.000.000. Hagnaður ársins 2010 var kr. 500.000 og þann 1. apríl 2010 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 200.000. Hvert er eigið fé félagsins þann 31. desember 2010?

- a) 1.000.000
- b) 1.300.000
- c) 2.000.000
- d) 1.800.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. Hvaða kennitala lýsir best hæfi fyrirtækis til að standa við skuldbindingar sínar næsta árið ?

- a) Veltufjárhlutfall
- b) EBITDA
- c) Arðsemi eigin fjár
- d) Eiginfjárhlutfall

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er **rétt** ? Dæmi um lið innan fastafjármuna er :

- a) Viðskiptakröfur
- b) Lögbundinn varasjóður
- c) Langtímaskuldir
- d) Bifreiðar
- e) Ekkert af ofangreindu

4. Í ársbyrjun námu eignir Kalla ehf. kr. 399.999 og skuldir námu kr. 188.888. Á árinu lækkuðu eignir um kr. 77.777 og eigið fé hækkaði um kr. 99.888. Hvað lækkuðu skuldir Kalla ehf. mikið á árinu :

- a) 11.223
- b) 322.222
- c) 177.665
- d) 322.222
- e) ekkert af ofangreindu

5. Nafnverð krafna nemur kr. 21.320.000. Óbein afskrift krafna nemur kr. 1.540.000. Viðskiptakröfur skv. efnahagsreikningi nema því kr. :

- a) 22.860.000
- b) 19.780.000
- c) 21.320.000
- d) Ekkert af ofangreindu

6. Í stjórn Dínu ehf. eru fimm menn. Tveir þeirra koma frá félagi sem heitir Hof ehf. og einn þeirra er frá félagi sem heitir Klif ehf., en Hof ehf. á 60% í Klifi ehf. Hof ehf. ætti því að flokka hlutabréfaeign sína í Dínu ehf. sem :

- a) Hlutabréf í öðrum félögum
- b) Dótturfélag
- c) Hlutdeildarfélag
- d) Markaðsverðbréf

7. Innheimtutími krafna hjá Ljósi ehf. var 60 dagar á árinu 2010. Meðalstaða krafna var kr. 7.800.000. Vörusala á árinu 2010 var því kr. :

- a) 46.800.000
- b) 70.200.000
- c) 130.000
- d) 15.600.000
- e) Ekkert af ofangreindu

8. Sú hámarksfjárhæð sem hægt er að greiða út arð í hlutafélagi er :

- a) Óráðstafað eigið fé í upphafi þess árs sem arður er greiddur
- b) Hagnaður ársins
- c) Sú fjárhæð sem eigandinn skuldar félaginu
- d) Eigið fé
- e) Ekkert af ofangreindu

9. Epli ehf. keypti fasteign á árinu með því að yfirtaka lán sem fyrri eigandi hafði hjá Sparibankanum. Í sjóðstreymi myndi lánið sjást undir :

- a) Rekstrarhreyfingum
- b) Fjárfestingahreyfingum
- c) Fjármögnunarhreyfingum
- d) Myndi ekki sjást í sjóðstreymi

10. Bókfært verð fastafjármuna segir ávallt til um markaðsverð þeirra.
- a) Rétt
 - b) Rangt
11. Arðsemi eigin fjár hjá Bola ehf. var 18% á árinu 2010 og eigið fé var kr. 400.000 í upphafi ársins 2010. Þann 1. október 2010 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 200.000. Hagnaður félagsins árið 2010 var því kr. :
- a) 72.000
 - b) 63.000
 - c) 54.000
 - d) 100.000
 - e) Ekkert af ofangreindu
12. Ef verulegir annmarkar eru á því að endurskoðandi geti beitt nauðsynlegum endurskoðunaraðgerðum þá verður áritun hans á reikningsskilin :
- a) Fyrirvaralaus áritun
 - b) Áritun með fyrirvara
 - c) Áritun án álits
 - d) Neikvætt álit
13. Í hversu mörg ár getur einkahlutafélag nýtt yfirfæranlegt tap sitt ?
- a) 8 ár
 - b) 10 ár
 - c) 5 ár
 - d) Óheimilt að nýta tap
14. Q-hlutfall Húsvakurs ehf. var 1,05 um síðustu áramót. Það bendir til þess að :
- a) Markaðurinn metur hlutabréf félagsins 5% hærra en bókfært eigið fé.
 - b) Bókfært eigið fé er 5% hærra en markaðsvirði félagsins
 - c) V/H hlutfall félagsins sé lægra en almennt gengur og gerist.
 - d) Markaðsvirði félagsins hækkaði um 5% á árinu.

Verkefni 2 (53 mín. 22%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Kostnaðarverðsreglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Hvað er samsköttun og hver eru skilyrði fyrir beitingu hennar ?

c) 4%

Hvað er sjóðstreymi og hvernig má nýta það við greiningu á fyrirtæki?

d) 3%

Hver eru einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum (4 atriði) ?

e) 4%

Fjallið stuttlega um ábyrgð endurskoðenda annars vegar og ábyrgð stjórnar hins vegar í tengslum við reikningsskil fyrirtækis.

f) 4%

Hvað eru samstæðureikningsskil ? Við gerð þeirra er ýmsum liðum eytt út, nefnið 3 þeirra.

Verkefni 3 (12 mín 5%)

Í skýrslu stjórnar vegna ársins 2010 fyrir ABC ehf. kemur m.a. eftirfarandi fram :

“Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins nemur tap ársins 145 mkr og er eigið fé félagsins neikvætt um 323 mkr samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufjárhlutfall í árslok 2010 er 0,65. Útlit er fyrir áframhaldandi taprekstur á árinu 2011”.

- a) Með hvaða hætti getur endurskoðandi brugðist við í áliti sínu?
- b) Hvaða forsenda fyrir gerð reikningsskila getur verið brostin?
- c) Nefnið 2 leiðir sem fyrirtækið gæti farið til að laga stöðuna.

Verkefni 4 (36 mín. 15%)

Á næstu blaðsíðu er rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir Bólu ehf. 31. desember 2010. Í hann vantar nokkrar tölur sem þú ert beðinn um að setja inn. Einnig á að fylla inn í tóma kassa neðanmáls. Ekki skal breyta þeim tölum sem fyrir eru. Einnig liggja fyrir nokkrar kennitölur (hér að neðan) vegna ársins sem nýtast eiga við verkefnið. Notið 365 daga þegar nota skal kennitölur um veltuhraða.

Kennitölur og viðbótarupplýsingar :	
Veltuhraði krafna	18
Eiginfjárhlutfall	36,0%
Veltuhraði birgða	6,25
Veltufjárhlutfall	0,875
Lausafjárhlutfall	0,458333333
Álagning í % var sú sama milli ára	

Rekstrarreikningur		2010	2009
Sala		9.000	8.000
Kostnaðarverð seldra vara			-5.000
Annar rekstrarkostnaður		-2.200	-1.800
Vaxtagjöld		-400	-200
Afskriftir			-300
Hagnaður		375	700
Efnahagsreikningur		2010	2009
Eignir			
Fastafjármunir:			
Fasteignir og vélar		3.900	3.000
Viðskiptavild		600	600
		4.500	3.600
Veltufjármunir:			
Birgðir			800
Viðskiptakröfur			600
Handbært fé			100
			1.500
Eignir samtals		6.600	5.100
Eigið fé og skuldir		2010	2009
Eigið fé:			
Hlutfé		300	300
Annað eigið fé		2.075	2.000
		2.375	2.300
Skuldir:			
Langtímaskuldir		2.325	2.100
Næsta árs afborganir		(500)	(400)
		1.825	1.700
Ýmsar skammtímaskuldir			700
Næsta árs afborganir		500	400
			1.100
Skuldir samtals		4.225	2.800
Eigið fé og skuldir samtals		6.600	5.100
		0	0
Arður greiddur á árinu var			
Fjárfesting í fasteignum og tækjum á árinu var			

Verkefni 5 (72 mín. 30%)

Finnur Hilmarsson hefur áhyggjur af því að ávöxtun þess fjár sem hann á sé ekki nógu góð þar sem vextir á bankareikningum hafa lækkað mjög undanfarið. Hann leitar því til þín með hugmynd að fjárfestingu í tveimur sprotafyrirtækjum en hann hefur komist yfir ársreikninga félaganna og langar til að fjárfesta í öðru þeirra. Hann biður þig að leggja mat á félögin með hjálp kennitölugreiningar og ráðleggja honum hvort fyrirtækjanna hann ætti að kaupa. Upplýsingar um rekstur og efnahag félaganna er á næstu síðu.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árið 2010 fyrir bæði félögin kennitölurnar (20%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárlutfall
 - iii. Veltufjárlutfall
 - iv. Lausafjárlutfall
 - v. Biðtíma birgða
 - vi. Innheimtutíma krafna
 - vii. Veltuhraða eigna
 - viii. EBITDA
 - ix. Arðsemi eigin fjár
 - x. EBITDA margfaldarann ($V/EBITDA$)
 - xi. V/H hlutfall
 - xii. Markaðsverðmæti
 - xiii. Q-Hlutfall
- b. Mæla með kaupum á öðru fyrirtækinu út frá greiningunni í a-lið og hugsanlega fleiri liðum. Rökstyðjið þann kost sem þið veljið. (10%)

Rekstrarreikningur 2010 (milljónir króna)						
			Laufið		Smárinn	
Sala			4.250		4.600	
Kostnaðarverð seldra vara			(2.250)		(2.350)	
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(1.020)		(1.200)	
Afskriftir			(110)		(350)	
Vextir			(90)		(100)	
Skattar			(140)		(108)	
Hagnaður (tap) ársins			640		492	
Efnahagsreikningur 31/12 2010 og 31/12 2009 (milljónir króna)						
			Laufið		Smárinn	
Eignir			31/12 10	31/12 09	31/12 10	31/12 09
Fastafjármunir:						
Fasteign			640	670	840	800
Vélar og tæki			410	480	1.000	850
Bifreiðar			90	100	90	120
			1.140	1.250	1.930	1.770
Veltufjármunir:						
Birgðir			310	280	320	280
Viðskiptakröfur			350	220	290	250
Handbært fé			195	40	50	40
			855	540	660	570
Eignir samtals			1.995	1.790	2.590	2.340
Eigið fé og skuldir						
Eigið fé:						
Hlutfé			70	70	50	50
Annað eigið fé			1.170	530	1.072	580
			1.240	600	1.122	630
Skuldir:						
Langtímaskuldir			560	940	1.200	1.300
Næsta árs afborganir			(250)	(280)	(140)	(150)
			310	660	1.060	1.150
Ýmsar skammtímaskuldir						
Næsta árs afborganir			195	250	268	410
			250	280	140	150
			445	530	408	560
Skuldir samtals			755	1.190	1.468	1.710
Eigið fé og skuldir samtals			1.995	1.790	2.590	2.340
Markaðsverð í árslok			60	65	55	65